Kópavogsbær

Ársreikningur 2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra 1
Áritun óháðs endurskoðanda 3
Rekstrarreikningur 2025 7
Efnahagsreikningur 31. desember 2025 ..... 8 - 9
Yfirlit um sjóðstreymi 10
Skýringar og lykiltölur ..... 11 - 26
Yfirlit viðauka ..... 27 - 30
Yfirlýsing um stjórnarhætti 31

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2025 námu 64.428 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 58.999 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 57.687 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 52.804 m.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,93% en lögbundið hámark er 14,97%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,162% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,40% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 4.612 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 366 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4.245 m.kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu að fjárhæð 263 m.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2025 nam 49.899 m.kr. en eigið fé á A hluta nam 26.103 m.kr. Rekstrarafgang umfram áætlanir á árinu 2025 má að mestu rekja til tekna af úthlutun byggingarréttar í Vatnsendahvarfi. Byggingarlóðum þar var úthlutað að undangengnu útboði. Úthlutun fyrstu lóðanna á árinu 2024 var kærð og ógilti Innviðaráðuneytið úthlutunina með úrskurði dags. 2. maí 2025. Kópavogur undi ekki úrskurði ráðuneytisins og eru málaferli vegna þessarar úthlutunar í gangi fyrir dómstólum. Í skýringu 32 eru nánari upplýsingar um stöðu dómsmálsins.

Fjárstreymi vegna lóðaúthlutana tryggði að ekki þurfti nýja lántöku á árinu þrátt fyrir miklar fjárfestingar.

Verðbólgan hefur reynst þrálát og vaxtastig hélst hátt á árinu. Fylgjast þarf vel með þróun efnahagslífsins og Kópavogsbær verður að vera undir það búinn að grípa til aðgerða ef tekjustofnar bæjarins dragast saman samfara vaxandi spurn eftir þjónustu.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 29.931 m.kr. Fjöldi á launaskrá í árslok var 3.124 en meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2.083 að undanskyldum vinnuskóla og vinnuframlagi í nefndum. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 198,2 m.kr. á árinu 2025.

Íbúar Kópavogsbæjar þann 1. desember 2025 voru 41.630 og fjölgaði þeim um 279 frá fyrra ári eða um 0,67%.

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Kópavogi 16. apríl 2026

Bæjarstjóri:

Ásdís Kristjánsdóttir

Bæjarráð:



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Kópavogi, 12. maí 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar.

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 sem hefur að geyma A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning A- og B-hluta. Hann skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bæjarins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur fyrir áliti
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð samstæðunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunar
Lykilatrið endurskoðunar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni	**Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun**
Innlausn tekna Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 3 á bls. 11 og skýringu 18 á bls. 13. Við höfum skilgreint innlausn tekna sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2025. Tekjum A- og B-hluta má gróflega skipta í þrennt; skatttekjur, framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sérstekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjuinnlausn getur verið háð mati stjórnenda auk þess sem álitaefni kunna að koma upp um tekjuinnlausn langtímasamninga eða úthlutaðra lóða. Þar sem þessi álitaefni eða matskenndar forsendur geta haft veruleg áhrif á samantekinn ársreikning A- og B-hluta teljum við endurskoðun tekna lykilþátt við endurskoðun okkar.	Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi sveitarfélagsins, þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu. Við höfum farið yfir afstemmingar á helstu tekjustofnun sveitarfélagsins þar sem við afstemmdun undirkerfi við yfirkerfi og yfirlit frá opinberum aðilum. Í öðrum tilvikum voru tekin úrtök til skoðunar og rakið til uppruna gagna og forsendur yfirfarnar. Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir og borið saman fjárhagsáætlun og raunverulega tekjuskráningu og frávik skoðuð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.

Aðrar upplýsingar
Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðuð yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar sveitarfélagsins. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar á ársreikningi sveitarfélagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á ársreikningi sveitarfélagsins.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum afhent bæjarstjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt sveitarfélaginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent bæjarstjórn yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Við vorum skipuð endurskoðendur af bæjarstjórn í kjölfar útboðs á endurskoðunarþjónustu í ágúst 2024. Þetta er því fyrsta reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur bæjarins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Kópavogi, 12. maí 2026

Davíð A. Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Rekstrarreikningur 2025

		A-hluti			A og B hluti		
Rekstrartekjur:	Skýr.	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Skatttekjur		42.659.859	42.780.383	39.748.435	42.542.898	42.661.118	39.630.786
Framlög jöfnunarsjóðs		4.885.585	4.626.276	4.389.982	4.885.585	4.626.276	4.389.982
Aðrar tekjur		10.142.259	5.397.030	8.946.699	16.999.492	11.711.875	15.172.086
	3,18	57.687.703	52.803.689	53.085.116	64.427.976	58.999.269	59.192.854
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	19	28.073.892	28.804.134	26.599.094	29.931.977	30.653.773	28.306.721
Breyting lífeyrisskuldbindingar	14,19,27	2.080.535	1.678.020	599.104	2.080.535	1.678.020	599.104
Annar rekstrarkostnaður		19.544.356	18.537.456	17.666.097	23.059.029	21.815.081	20.736.312
		49.698.783	49.019.610	44.864.294	55.071.541	54.146.874	49.642.137
Afskriftir	7,22	1.778.249	1.702.587	1.724.440	2.205.171	2.110.537	2.142.187
		1.778.249	1.702.587	1.724.440	2.205.171	2.110.537	2.142.187
Rekstrarniðurstaða án fjárm.tekna og fjárm.gjalda		6.210.671	2.081.492	6.496.382	7.151.263	2.741.858	7.408.530
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	20	(1.965.703)	(1.818.097)	(2.308.122)	(2.538.591)	(2.375.679)	(2.949.285)
Rekstrarniðurstaða	21	4.244.968	263.395	4.188.260	4.612.673	366.179	4.459.245

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

EIGNIR

	Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir		40.779.119	36.402.092	71.422.108	64.306.569
Götur, lönd, veitukerfi og hafnarmannvirki		22.177.525	22.355.386	25.927.067	25.998.130
Vélar, áhöld og tæki		177.652	172.709	548.599	567.451
Leigð eign	15,29	618.488	290.342	618.488	290.342
	6,7,22	63.752.784	59.220.529	98.516.263	91.162.493
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	8,23	2.452.702	2.378.715	668.932	632.856
Fyrirframgreiddur kostnaður	9,27	1.352.205	1.423.272	1.455.444	1.531.937
Langtímakröfur	9,24	278.113	353.507	537.963	597.058
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	9	2.652.972	1.657.926		
		6.735.991	5.813.421	2.662.339	2.761.851
Fastafjármunir samtals		70.488.775	65.033.950	101.178.602	93.924.344
Veltufjármunir:					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	10,25	4.779.143	5.673.368	4.779.143	5.673.368
Næsta árs afborganir langtímakrafna	9,24	70.623	36.637	72.282	36.637
Næsta árs afborganir krafna á eigin fyrirtæki	9	116.122	84.224		
Fyrirframgreiddur kostnaður	9,27	71.067	71.067	71.067	71.067
Aðrar skammtímakröfur		1.091.373	1.283.780	1.472.569	1.558.017
Handbært fé	12	107.134	129.429	552.832	500.510
Veltufjármunir samtals		6.235.462	7.278.505	6.947.892	7.839.599
Eignir samtals		76.724.237	72.312.455	108.126.494	101.763.943

Eignir utan efnahags 13

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Ársreikningur 2024
EIGIÐ FÉ					
Eiginfjárreikningur	26	26.103.234	21.707.935	49.899.412	43.584.092
Hlutdeild minnihluta í dótturfélagi		0	0	65.744	65.744
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding	14,27	12.476.178	11.341.171	12.513.851	11.386.187
Aðrar skuldbindingar	32	0		77.441	77.915
		12.476.178	11.341.171	12.591.292	11.464.103
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir	16,28	23.320.335	24.456.206	29.663.035	30.810.679
Leiguskuldir	15,29	528.872	252.002	528.872	252.002
		23.849.206	24.708.208	30.191.907	31.062.681
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir		4.303.156	4.903.154	4.303.156	4.903.154
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16,28	1.890.261	1.771.504	2.275.813	2.191.886
Næsta árs afb. lífeyrisskuldbindingar	27	861.168	770.037	861.168	770.037
Næsta árs afborgun leiguskuldar	15,29	89.617	38.340	89.617	38.340
Aðrar skammtímaskuldir		7.151.418	7.072.105	7.848.386	7.683.906
		14.295.620	14.555.141	15.378.140	15.587.323
Skuldir og skuldbindingar samtals		50.621.003	50.604.520	58.161.339	58.114.107
Skuldir og eigið fé samtals		76.724.237	72.312.455	108.126.494	101.763.943

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags 30-32

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Yfirlit um sjóðstreymi

		A-hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 með viðaukum	Ársreikningur 2024
Rekstrarhreyfingar:							
Hagnaður (tap) ársins		4.244.968	263.395	4.188.260	4.612.673	366.178	4.459.245
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Sölutap eigna/ (-hagnaður)		(131.129)		(131.129)	(370.565)		(131.129)
Afskriftir fastafjármuna	7,22	1.778.249	1.702.587	1.724.440	2.205.171	2.123.834	2.142.187
Verðbætur og gengismunur		789.070	809.580	955.061	802.663	1.025.749	1.216.071
Vextir og verðbætur, eigin fyrirtæki		(262.941)	(212.453)	(261.545)			
Virðismunur hlutdeildarfélaga							(5.597)
Tap (hagnaður) vegna lóða o.fl.	3	(4.650.002)		(3.558.954)	(4.650.002)		(3.558.954)
Breyting lífeyrisskuldbindingar		2.151.602	1.678.020	667.110	2.156.554	1.681.572	681.965
Veltufé frá rekstri		3.919.818	4.241.129	3.583.242	4.756.494	5.197.333	4.803.787
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun	3	894.225		(2.081.643)	894.225		(2.081.643)
Aðrar skammtímakr, (hækkun), lækkun		192.407		(388.190)	85.448	(5.426)	(344.508)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(520.686)	965.578	3.208.060	(435.518)	986.248	3.135.399
Samtals		565.947	965.578	738.227	544.155	980.822	709.248
Handbært fé frá rekstri		4.485.764	5.206.706	4.321.470	5.300.649	6.178.154	5.513.036
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanl rekstrarfjármunum	22	(7.719.002)	(5.837.000)	(5.378.412)	(9.251.134)	(6.805.973)	(5.791.051)
Seldir rekstrarfjármunir		554.785		715.353	1.421.618		761.567
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði					(515.839)		(346.041)
Söluverð íbúðarhúsnæðis					339.580		
Gatnagerðargjöld		848.192		449.630	848.192		449.630
Óuppgerðar lóðaúthlutnanir		(1.100.000)			(1.100.000)		
Byggingarréttur		5.750.002		3.109.325	5.750.002		3.109.325
Fjárfest í eignarhlutum		(40.900)	(106.900)		(36.076)	(145.292)	(38.998)
Langtímakröfur, breyting		54.912	36.498	(248.525)	38.380	38.067	(294.905)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.652.011)	(5.907.402)	(1.352.630)	(2.505.276)	(6.913.198)	(2.150.473)
Fjármögnunarhreyfingar							
Tekin ný langtímalán	28		4.000.000	2.555.000	278.315	4.462.877	2.561.560
Afborganir langtímal. og uppgreiðslur	28	(1.819.689)	(3.263.064)	(3.805.943)	(2.159.626)	(3.694.362)	(4.209.464)
Afborganir lífeyrisskuldbindingar		(854.397)		(735.937)	(861.740)		(735.937)
Afborganir skuldbindinga				(876.371)			(876.371)
Eigin fyrirtæki, breyting		(181.963)	(37.369)	(44.411)			
Fjármögnunarhreyfingar		(2.856.049)	699.568	(2.907.662)	(2.743.052)	768.515	(3.260.211)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(22.295)	(1.128)	61.178	52.321	33.474	102.351
Handbært fé í ársbyrjun		129.429	244.822	68.250	500.510	489.034	398.159
Handbært fé í lok tímabils		107.134	243.694	129.429	552.831	522.507	500.510

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Skýringar

Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Kópavogsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 41.630 þann 1.desember 2025. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesvegi 1, Kópavogi.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Byggingarsjóð M.K. og Þjónustumiðstöð. Hlutdeild í rekstri samrekstrarfélaga er færð í B-hluta. en til B hluta teljast stofnanir sem að stofni til eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Stofnanir sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisnefnd Kópavogs, Bílastæðasjóður og Tónlistarhús Kópavogs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti milli langtímalána Aðalsjóðs og annarra rekstrareininga.

Til samræmis við 3.mgr. 20 gr. Reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðarsamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagsform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð Kópavogsbæjar færð inn í samantekin reikningsskil miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samstarfsverkefnum og færð í reikningsskil B-hluta og gerð grein fyrir þeim í skýringu 34.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færist til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á úthlutuðum byggingarrétti og kostnaði við uppkaup lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færist með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2025. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2026. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfestingar vegna gatnagerðarframkvæmda eru eignfærðar að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum. Íbúðir sem Húsnæðisnefnd Kópavogs leigir út eru metnar á fasteignamati sem tekur gildi þann 1. janúar 2026. Endurmat íbúða er fært á eiginfjárreikning.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Þessar lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	20 - 100 ár
Veitukerfi og hafnarmannvirki	33 - 40 ár
Gatnakerfi	33 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 - 12 ár

Eignarhlutir í félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, sjá nánar í 5. mgr. skýringar 2. Framlög til Tónlistarhúss eru nú færð á hlutfallslegu fasteignamati Hamraborgar 6. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðkomandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagsforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2025 var færð til eignar og frá og með 2018 er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum og framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum. Er þetta gert í samæmi við ákvæði reglugerðar 1212/2015.

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

10. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Ófrágengnar íbúðir

11. Í árslok 2025 átti Húsnæðisnefnd Kópavogs tólf ófrágengnar íbúðir.

Handbært fé

12. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

13. Fjárfesting sem átti sér stað fyrir ársbyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

14. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2025. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi samanber skýringu 27.

Leiguskuldir

15. Í febrúar 2024 var gerður leigusamningnur um húsnæði að Vallakór 4 og í desember 2025 voru gerðir tveir leigusamningar um viðbótarhúsnæði í Vallakór 4. Allir samningarnir eru með lokagjalddaga í febrúar 2034. Samningarnir eru færðir til eignar og skuldar á núvirði lágmarksleigugreiðslna vegna hans út leigutímann. Við útreikning á núvirði leigugreiðslna er miðað við þá ávöxtunarkröfu sem sem notuð er til að meta verðmæti lóða og lendna sbr. skýringu 6 og 22.

Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Fjárhagsáætlun

17. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt er birt sem samanburðarfjárhæð í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum í skýringu 37.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Rekstrartekjur

18. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Skatttekjur:						
Útsvar	37.179.479	37.259.932	34.509.808	37.179.479	37.259.932	34.509.808
Fasteignaskattur	5.068.427	5.022.629	4.850.462	4.951.466	4.903.365	4.732.813
Lóðarleiga	411.953	497.821	388.165	411.953	497.821	388.165
Skatttekjur samtals	42.659.859	42.780.383	39.748.435	42.542.898	42.661.118	39.630.786
Jöfnunarsjóður:						
Framlag vegna grunnskóla	990.269	982.745	1.125.933	990.269	982.745	1.125.933
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra	203.304	187.669	192.503	203.304	187.669	192.503
Framlag vegna nýbúafræðslu	191.672	164.541	140.984	191.672	164.541	140.984
Framlag vegna tónlistaskóla	69.615	61.152	59.068	69.615	61.152	59.068
Önnur framlög	3.430.725	3.230.170	2.871.494	3.430.725	3.230.170	2.871.494
	4.885.585	4.626.276	4.389.982	4.885.585	4.626.276	4.389.982
Skatttekjur og jöfnunarsjóður samtals	47.545.444	47.406.659	44.138.417	47.428.483	47.287.394	44.020.768
Aðrar tekjur:						
Þjónustutekjur o.fl.	5.466.220	5.397.030	5.796.125	12.323.454	11.711.875	12.021.512
Tekjur/(gjöld) vegna lóðaúthlutana o.fl.	4.676.038	0	3.150.574	4.676.038	0	3.150.574
Aðrar tekjur samtals	10.142.259	5.397.030	8.946.699	16.999.492	11.711.875	15.172.086
Rekstrartekjur samtals	57.687.703	52.803.689	53.085.116	64.427.976	58.999.269	59.192.854

Álagningarhlutfall útsvars var 14,93% en lögbundið hámark þess er 14,97%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,162% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,40% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 m/viðaukum	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025 m/viðaukum	Ársreikningur 2024
Laun	22.382.223	23.119.053	21.378.040	23.865.824	24.934.792	22.870.441
Launatengd gjöld	5.691.669	5.685.081	5.221.054	6.066.153	5.718.981	5.436.279
Laun og launatengd gjöld án br. á líf.skuldb.	28.073.892	28.804.134	26.599.094	29.931.977	30.653.773	28.306.721
Breyting lífeyrisskuldbindingar *)	2.080.535	1.678.020	599.104	#VALUE!	1.678.020	599.104
Laun og launatengd gjöld samtals	30.154.427	30.482.154	27.198.198	#VALUE!	32.331.793	28.905.825

*) Sjá skýr. 27

Í lok árs 2025 voru 3.124 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2083 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum. Í lok árs 2024 voru 3.090 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 1.987 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 198,2 millj. kr. á árinu 2025.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 11.11.2026

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Vaxtatekjur	(292.209)	(41.160)	(211.374)	(293.805)	(42.195)	(213.413)
Vaxtagjöld	1.755.084	1.264.430	1.817.507	1.895.084	1.430.500	1.963.718
Vextir og verðbætur á eigin fyrirtæki	(262.941)	(212.453)	(261.545)	0	0	0
Verðbótagjöld / (tekjur)	802.950	809.580	964.621	974.494	989.674	1.200.068
Gengistap / (hagnaður)	(2.004)	0	3.415	(2.004)	0	3.415
Hagnaður af eignarhlutum	(35.177)	(2.300)	(4.502)	(35.177)	(2.300)	(4.502)
	1.965.703	1.818.097	2.308.122	2.538.591	2.375.679	2.949.285

21. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja greinist þannig:

Aðalsjóður:	Ársreikningur 2025			Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
	Gjöld	Tekjur	Niðurstaða (nettó)	(nettó)	(nettó)
Skatttekjur	69.159	48.437.284	48.368.125	48.237.238	44.917.182
Félagsþjónusta	10.299.640	1.311.530	(8.988.110)	(9.042.436)	(7.942.230)
Heilbrigðismál	2.699	0	(2.699)	(2.699)	(2.571)
Fræðslu- og uppeldismál	28.333.692	1.415.366	(26.918.326)	(26.219.430)	(23.858.219)
Menningarmál	975.063	192.072	(782.991)	(788.204)	(749.000)
Æskulýðs- og íþróttamál	7.942.082	3.205.274	(4.736.808)	(4.848.543)	(4.648.629)
Brunamál og almannavarnir	549.438	0	(549.438)	(516.913)	(427.508)
Hreinlætismál	1.121.592	1.073.057	(48.535)	(45.262)	(32.269)
Skipulags- og byggingarmál	763.786	418.095	(345.690)	(425.782)	(324.068)
Umferðar- og samgöngumál	1.862.160	11.910	(1.850.250)	(1.686.181)	(1.918.302)
Umhverfismál	692.594	1.944	(690.650)	(634.527)	(606.817)
Atvinnumál	35.598	0	(35.598)	(79.027)	(30.885)
Framlög til B-hluta fyrirtækja	94.500	0	(94.500)	(94.500)	(94.500)
Sameiginlegur kostnaður	2.872.267	1.156.653	(1.715.614)	(2.366.233)	(2.417.608)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	2.080.535	0	(2.080.535)	(1.678.020)	(599.104)
Fjármagnsliðir (nettó)	(1.337.020)	0	1.337.020	1.160.129	1.340.688
Aðalsjóður samtals	56.357.786	57.223.186	865.400	969.609	2.606.161
A hluta stofnanir:					
Eignasjóður	7.374.132	11.063.079	3.688.947	(542.797)	1.944.139
Byggingarsjóður M.K.	16.636	26.177	9.541	10.596	5.859
Þjónustumiðstöð	852.977	534.058	(318.919)	(174.014)	(367.900)
Innri færslur A- hluti	(11.158.797)	(11.158.797)	0	0	0
	(2.915.051)	464.517	3.379.568	(706.215)	1.582.098
A hluti samtals	53.442.735	57.687.703	4.244.968	263.394	4.188.259

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

	Ársreikningur 2025			Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
	Gjöld	Tekjur	Niðurstaða (nettó)	Niðurstaða (nettó)	(nettó)
B hluta fyrirtæki:					
Fráveita Kópavogs	944.355	975.649	31.294	116.986	249.410
Vatnsveita Kópavogs	990.310	1.077.065	86.755	27.067	102.833
Hafnarsjóður Kópavogs	87.717	83.954	(3.763)	(7.506)	(2.825)
Húsnæðisnefnd Kópavogs	1.174.964	1.379.972	205.008	(68.700)	(156.895)
Bílastæðasjóður Kópavogs	19.073	19.073	0	(6.401)	0
Tónlistarhús Kópavogs	288.359	214.398	(73.961)	(41.515)	(34.908)
Samrekstrarfélög	4.117.367	4.239.737	122.371	82.851	113.370
Innri færslur A og B hluta	(1.249.576)	(1.249.576)	0	0	0
A og B hluti samtals	59.815.303	64.427.976	4.612.673	366.179	4.459.245

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

22. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2024
Heildarverð 1.1.	53.507.069	28.105.778	352.746	290.342	82.255.934	79.132.308
Áður afskrifað	(17.104.977)	(6.847.630)	(180.037)	0	(24.132.644)	(22.574.830)
	36.402.092	21.258.148	172.709	290.342	58.123.290	56.557.478
Samgöngusáttmáli fluttur frá aðalsjóð á eignasjóð	0	1.097.239	0	0	1.097.239	1.097.239
Samtals bókfært verð 1.1.	36.402.092	22.355.386	172.709	290.342	59.220.529	57.654.717
Viðbætur á árinu	6.056.753	450.359	49.236	328.146	6.884.494	5.672.804
Samgöngusáttmáli viðbætur á árinu	0	314.462	0	0		0
Kleifarkór fluttur á húsnæðisnefnd	(582.040)	0	0	0		(2.828.984)
Selt og fært út á árinu	0	(417.587)	(6.069)	0	(423.656)	(1.724.440)
Afskrifað á árinu	(1.097.685)	(642.340)	(38.224)	0	(1.778.249)	446.432
Endurmat lóða og lendna	0	117.245	0	0	117.245	0
Bókfært verð 31.12.	40.779.119	22.177.525	177.652	618.488	63.752.784	59.220.529

A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2024
Heildarverð 1.1.	81.346.280	40.514.731	372.932	290.342	122.524.285	118.454.606
Afskrifað áður	(18.593.573)	(15.613.839)	(188.164)	0	(34.395.576)	(32.588.954)
	62.752.708	24.900.891	184.768	290.342	88.128.709	85.865.652
Bókfært verð 1.1.samrekstrarfélög	1.553.861	0	382.683		1.936.545	1.942.484
Samgöngusáttmáli fluttur frá aðalsjóð á eignasjóð	0	1.097.239	0		1.097.239	1.097.239
Bókfært verð 1.1.	64.306.569	25.998.130	567.451	290.342	91.162.493	88.905.375
Viðbót á árinu	7.460.825	714.148	89.767	328.146	8.592.885	6.431.483
Samgöngusáttmáli viðbætur á árinu	0	314.462	0	0	314.462	0
Selt og fært út á árinu	(626.572)	(417.587)	(6.893)	0	(1.051.053)	(2.875.199)
Afskrifað á árinu	(1.304.115)	(799.330)	(101.725)	0	(2.205.171)	(2.142.187)
Endurmat	1.585.402	117.245	0	0	1.702.647	843.019
Bókfært verð 31.12.	71.422.108	25.927.067	548.599	618.488	98.516.263	91.162.491

Á árinu 2025 eru fasteignir Húsnæðisnefndar Kópavogs endurmetnar þannig að þær eru bókaðar á fasteignamati sem tók gildi 1. janúar 2026.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna bæjarfélagsins, fasteignamat og brunabótamat greinist þannig í árslok:

A hluti	Fasteignamat	Bruna-bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2024
Leikskólar	5.868.525	9.136.770	4.638.373	3.887.394
Skólar	26.398.130	41.787.300	17.987.025	14.563.816
Íþróttamannvirki	14.775.863	22.218.660	12.280.241	11.894.816
Aðrar eignir	13.997.280	20.439.565	5.873.480	6.056.066
	61.039.798	93.582.295	40.779.119	36.402.092
Lóðir, lönd og götur	4.291.732	0	22.177.525	22.355.386
Vélar, áhöld og tæki	0	0	177.652	172.709
Leigð eign	0	0	618.488	290.342
Samtals A hluti	65.331.530	93.582.295	63.752.784	59.220.529

B hluti	Fasteignamat	Bruna-bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2024
Félagslegar íbúðir	28.878.950	19.509.840	28.605.102	26.040.775
Tónlistarhús Kópavogs (eignahluti 77,85%)	582.900	1.067.000	297.275	309.841
			28.902.377	26.350.616
Veitukerfi	0	0	3.201.501	3.210.289
Hafnarmannvirki	0	0	548.042	432.455
			3.749.542	3.642.744
Samrekstrarfélög	1.717.250	927.792	2.101.175	1.936.545
Vélar, áhöld og tæki	0	0	10.385	12.058
Samtals B hluti	31.179.100	21.504.632	34.763.479	31.941.963
Samtals A og B hluti	96.510.630	115.086.927	98.516.263	91.162.493

Á árinu 2008 var nýtt heimild 31. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga til sérstaks endurmats fasteigna í eigu Húsnæðisnefndar Kópavogs. Endurmatið fólst í að hækka bókfært verð húsnæðis til samræmis við fasteignamatsverð þeirra. Endurmatið í þessu uppgjöri nemur kr. 1.585 milljónum nettó. Endurmat lóða og lendna sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af nam á árinu 117 millj.kr. til hækkunar. Endurmat þessara eigna færist á móti á eiginfjárreikning, sbr. skýr. nr. 26.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

23. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð	A hluti 2024	A+B hluti 2024
Dótturfélög:					
Tónlistarhús Kópavogs, stofnframlög	77,85%	708.458	0	675.372	0
Húsnæðisnefnd Kópavogs, stofnframlög	100,00%	491.917	0	491.917	0
		1.200.375	0	1.167.289	0
